



Seyrustjórn

5. fundur seyrustjórnar var haldinn í fjarfundarbúnaði, þriðjudaginn 20. september 2022 kl. 15:00.

Fundinn sátu:

Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshrepps

Nanna Jónsdóttir, varaoddviti Ásahrepps

Haraldur Þór Jónsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Halldóra Hjörleifsdóttir, þjónustufulltrúi

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Árni Eiríksson, oddviti Flóahrepps

Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri Hrunamannahrepps og umsjónaraðili seyruverkefnisins

Jón Bjarnason, oddviti Hrunamannahrepps

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Haraldur Þór Jónsson.

1. Staða hreinsunar.

Þjónustufulltrúi fór yfir stöðu á hreinsuðum rotþróm í ár og síðustu ár. Árlega hafa verið hreinsaðar 2.131-2.246 rotþrær. Umræða um að ósamræmi sé á milli fasteignaskrár og þess lista sem tæmt er eftir. Halldóru falið að taka saman betri upplýsingar um hvernig verklagið hefur verið við losun og hvernig hægt sé að ná að samræma losunarlista við fasteignaskrá.

Til þess að halda utan um nýskráningar á rotþróm er nauðsynlegt að tengja skráningarnar við ákveðið byggingarstig á nýframkvæmdum. Haraldi falið að setja málið á dagskrá næsta stjórnarfundar hjá UTU bs.

2. Kostnaður við tæmingar.

Sveitarstjóri Hrunamannahrepps fór yfir kostnað við hreinsun á rotþróm, annars vegar hjá Hreinsitækni og hins vegar hjá bíl seyruverkefnisins. Lagt fram til kynningar.

3. Aðgengi og gjaldskrár.

Þjónustufulltrúa falið á síðasta fundi að taka saman gögn um samræmda gjaldskrá. Sú vinna er í gangi. Lagt til að samþykktir um aðgengismál að rotþróm verð samræmd hjá öllum aðilum. Halldóru falið að leggja fram drög að samræmdum samþykktum og samræmdri gjaldskrá.

Halldóra Hjörleifsdóttir vék af fundi eftir þennan dagskrárlið.

4. Starfsmannamál.

Þann 14. júní 2022 var ákveðið að ráða Halldóru Hjörleifsdóttur í 100% starfshlutfall til 31.12.2022. Nú liggur fyrir að fæðingarorlof Áslaugar Öldu er til loka júlí og því samþykkir stjórn að ráða Halldóru Hjörleifsdóttur í 100% starf til loka júlí 2023.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið kl. 16:16.

Næsti fundur boðaður á Flúðum 3.október kl. 15:15